

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjaness 27. nóvember 2007 í máli nr. S-486/2007:

Ákærvaldið

(Július Kristinn Magnússon fulltrúi)

gegn

Debbie Maríu Shackelford

(Herdís Hallmarsdóttir hdl.)

Mál þetta, sem dómtekið var 9. þ.m., er höfðað með ákæru Lögreglustjórans á Suðurnesjum, útgefinni 31. maí 2007, á hendur Debbie Maríu Shackelford, Heiðarholti 22, Reykjanessbæ, fyrir líkamsárás með því að hafa aðfaranótt 1. janúar 2007, á skemmtistaðnum H-punktinum, Hafnargötu 31, Reykjanessbæ, ráðist á Önnu Helgu Gylfadóttur, Kirkjuvegi 46, Reykjanessbæ, með því að skalla hana í andlit svo hún hlaut nefbrot. Telst þetta varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Í ákæru er þess krafist að ákærða verði dæmd til refsingar. Þar er jafnframt getið skaðabótakröfu sem Anna Helga Gylfadóttir gerir á hendur ákærðu. Krefst hún þess að ákærða „... verði dæmd til að greiða kæranda kr. 607.162.- ásamt vöxtum af kr. 502.582.- skv. 8. sbr. 4. gr. laga nr. 38/2001 frá 1. janúar 2007 til þess dags er liðinn verður mánuður frá því að krafa þessi er kynnt kærðu, en frá þeim degi af kr. 607.162.- með dráttarvöxtum skv. IV. kafla laga nr. 38/2001 sbr. 9. gr. laganna allt til greiðsludags“.

Fimmtudaginn 4. janúar 2007 mætti Anna Helga Gylfadóttir til lögreglunnar á Suðurnesjum til að kæra líkamsárás er hún varð fyrir, af hálfu ákærðu, að morgni nýársdags. Hún segir svo frá í lögregluskýrslu að hún hafi þá verið að skemmta sér á H-punktinum í Reykjanessbæ. Hún hafi farið á salerni staðarins ásamt Hrafnhildi Gísladóttur og Kristínu Bragadóttur. Margir hafi verið á salerninu en þar hafi verið tveir lokaðir básar. Annar básinn hafi verið lokaður lengi og hafi hún bankað nokkrum sinnum á annan básinn og beðið þá sem þar voru að flýta sér. Hrafnhildur hafi þá sagt henni að einhver Debbie væri þarna inni og hún væri rosaleg í hegðun.

Þegar dyrnar að básnum hafi opnast hafi hún staðið til hliðar við hurðina og séð að þrjár stúlkur hafi verið inni. Hún segir Debbie hafa gengið að sér og spurt: „Varst þú að banka?“ og hún hafi svarað: „Já, ásamt fleirum!“. Hafi Debbie þá horft á hana smástund, en síðan skyndilega skallað hana í andlitið. Höggið hafi komið beint á nef hennar og hún fengið blóðnasir, blóðið fossað úr nefi hennar. Debbie hafi ekkert fleira sagt heldur farið. Anna Helga hafi reynt að stöðva blæðinguna og stúlka, sem þarna var en hún þekki ekki, hafi sagst ætla að sækja dyraverði auk þess sem hún hafi sagst tilbúin til að vitna um atburðinn. Enginn dyravörður hafi komið en Anna Helga hafi farið til dyravardar þegar hún kom út af klósettinu. Hún hafi séð að Debbie hafi verið við barinn og hún spurt dyravörðinn af hverju henni hafi ekki verið hent út. Hún segir dyravörðinn hafa sagt að hann hefði rætt við Debbie og hún hafi lofað að haga sér vel.

Kærandi kveðst samkvæmt lögregluskýrslu aðspurð ekki þekkja umræddan dyravörð og lýsir stúlkunni, sem hafi talað við hann, sem ungri, ljóshærðri og hávaxinni, á að giska 22-25 ára gamalli. Hún lýsir árásaðilanum þannig að hún sé dökkhærð með stutt hár, brúneygð og um 172 sm á hæð, aðeins þéttvaxin. Hún viti til þess að Debbie vinni hjá 10-11 versluninni í Reykjanesbæ. Hún kveður fjölmargar stúlkur hafa verið inni á salerninu en hún viti ekki nöfn þeirra, nema að fyrrnefndar Hrafnhildur og Kristín hafi orðið vitni að árásinni. Hún kveðst aðspurð hafa leitað til læknis vegna áverka sinna að morgni þess dags þegar lögregluskýrsla var tekin, 4. janúar 2007. Hafi verið ákveðið að taka röntgenmyndir af nefi hennar og andliti. Auk blóðnasanna hafi hún fundið til verkja í nefinu og hægra auganu og verið með höfuðverk síðan árásin átti sér stað. Aðspurð kvaðst kærandi hafa verið ölvuð, en alls ekki ofurölvi. Fram kemur í lögregluskýrslu að árásin hafi átt sér stað um kl. 4.45.

Skýrsla var tekin af Hrafnhildi Gísladóttur, sem áður er nefnd, hjá lögreglu 12. febrúar 2007. Hún segist hafa hitt kæranda Önnu Helgu á salerni á skemmtistaðnum H-punktinum og þær hafi beðið í röð eftir lausu salerni. Hún lýsir árásinni og aðdraganda hennar á sama hátt og kærandi. Hún kvaðst ekki þekkja þær sem voru með Debbie á klósettinu og geti ekki bent á önnur vitni að atburðinum. Þá hafi hún ekki séð kæranda og ákærðu tala saman áður en þetta atvik átti sér stað. Hún kveðst aðspurð hafa verið aðeins ölvuð.

Skýrsla var einnig tekin af Kristínu Bragadóttur, en hún mætti hjá rannsóknardeild lögreglunnar á Suðurnesjum samkvæmt boðun, 15. febrúar 2007. Hún skýrði þar svo frá að þær Anna Helga hefðu verið inni á salerni H-punktsins og verið að bíða eftir því að komast inn á einn klefann. Anna Helga hafi bankað á hurðina en fyrir innan hafi verið tvær stúlkur. Þegar þær hafi komið út hafi Anna sagt við Debbie að hún hafi verið of lengi inni á salerninu og hafi Debbie þá skallað Önnu Helgu beint í andlitið og hafi blætt úr nefi Önnu. Debbie og vinkona hennar hafi síðan yfirgefið salernið. Hún segist ekki hafa vitað til þess að kærandi og ákærða hafi átt einhver samskipti fyrr um kvöldið. Hún kveðst hafa verið undir áhrifum, en ekki ofurölvi.

Kærandi kveðst samkvæmt lögregluskýrslu aðspurð ekki þekkja umræddan dyravörð og lýsir stúlkunni, sem hafi talað við hann, sem ungri, ljóshærðri og hávaxinni, á að giska 22-25 ára gamalli. Hún lýsir árásaraðilanum þannig að hún sé dökkhærð með stutt hár, brúneygð og um 172 sm á hæð, aðeins þéttvaxin. Hún viti til þess að Debbie vinni hjá 10-11 versluninni í Reykjanesbæ. Hún kveður fjölmargar stúlkur hafa verið inni á salerninu en hún viti ekki nöfn þeirra, nema að fyrrnefndar Hrafnhildur og Kristín hafi orðið vitni að árásinni. Hún kveðst aðspurð hafa leitað til læknis vegna áverka sinna að morgni þess dags þegar lögregluskýrsla var tekin, 4. janúar 2007. Hafi verið ákveðið að taka röntgenmyndir af nefi hennar og andliti. Auk blóðnasanna hafi hún fundið til verkja í nefinu og hæggra auganu og verið með höfuðverk síðan árásin átti sér stað. Aðspurð kvaðst kærandi hafa verið ölvuð, en alls ekki ofurölvi. Fram kemur í lögregluskýrslu að árásin hafi átt sér stað um kl. 4.45.

Í læknisvottorði sem liggur fyrir í málinu kemur fram að Anna Helga Gylfadóttir hafi komið á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja þann 4. janúar 2007 og hitt þar Sebastiano Ferrau lækni. Í vottorðinu kemur fram að Anna hafi fengið högg á andlit og nef á skemmtistaðnum H-punktinum í Keflavík þann 1. janúar kl. 4.45. Við komu hafi hún kvartað undan verk í nefi og hægri augntóft. Tekin hafi verið röntgenmynd af nefi og andlitsbeinum og hafi hún sýnt brot í nefbeini, sem ekki hafi verið tilfært, en ekki önnur brot. Niðurstaða í læknisvottorðinu er að Anna hafi hlotið nefbrot sem ekki eigi að þurfa frekari meðferðar við. Þetta hafi þó kostað hana töluverðar þjáningar og sé ljóst að höggið hafi verið töluvert. Þetta muni þó að öllum líkindum gróa án lýta.

Fyrir dómi skýrði ákærða svo frá að hún hefði farið á skemmtistaðinn H-punktinn um kl. 4 á nýársnótt ásamt nokkrum stelpum, þ. á m. Heiðu vinkonu sinni. Hún kveðst hafa verið búin að drekka áfengi, en kveðst ekki muna hve mikið. Hún telur ekkert mjög merkilegt hafa gerst þann tíma sem hún var inni á staðnum. Hún kveðst ekki kannast við þá árás sem hún er ákærð fyrir, en segist ekki geta slegið því föstu að það hafi ekki gerst. Hún hafi hins vegar einungis verið inni á staðnum í korter og hafi síðan farið út með áðurnefndri Heiðu. Ákærða telur að hún hafi ekki getað orðið völd að árásinni, enda hafi hún verið farin út af staðnum þegar árásin eigi að hafa átt sér stað. Ákærða er spurð um svör hennar við skýrslugjöf hjá lögreglu; þar hafi hún sagst hafa verið ofurölvi, ekki munað hvernig hún hafi komist heim og ekki hafa munað hverjar voru með henni inni á salernisbás. Hún segist hafa farið að spyrja vinkonur sínar eftir skýrslutökuna um þetta og þá komið í ljós að hún hafi verið stuttan tíma inni á staðnum. Ákærða segist nú aldrei hafa farið inn á salernið á skemmtistaðnum þessa nótt. Hún segir, aðspurð um afstöðu sína til vitnisburða um að hún hafi ráðist á kæranda, að hún hafi ekki skýringu á þessu, nema að hún telji hugsanlegt að stúlka lík henni í Keflavík hafi verið þarna að verki, en það hafi komið fyrir að henni væri ruglað saman við einhverja aðra stúlku í Keflavík. Aðspurð um hvað hún segi um frásagnir kæranda og vitna af atvikinu, segir hún að þar hljóti að vera um misskilning að ræða. Fram kemur að

ákærða hafði ekki verjanda með sér við yfirheyrslu hjá lögreglu og að henni hafi ekki verið leiðbeint um að mikilvægt væri að hún gæfi upplýsingar um þá sem hefðu verið með henni þetta kvöld.

Anna Helga Gylfadóttir, kærandi í málinu, gaf skýrslu fyrir dóminum. Hún kveðst hafa komið inn á skemmtistaðinn H-punkturinn um kl. 4.30 að morgni 1. janúar 2007. Hún hafi fljótlega farið inn á salerni staðarins með tveimur vinkonum sínum, Kristínu Bragadóttur og Hrafnhildi Gísladóttur. Þær hafi heyrt að á öðrum af tveimur salernisbásum sem þarna voru hafi verið lengi læst. Hún hafi eftir nokkurra mínútna bið sagt: „Stelpur flýtið ykkur,“ en þá hafi Hrafnhildur sagt henni að ákærða væri þarna inni. Hún segist aðspurð hafa þekkt ákærðu í sjón fyrir þennan atburð. Hún hafi fært sig til hliðar við hurðina, hurðin hafi opnast og ákærða hafi komið fram, spurt hana hvort hún hafi verið að banka og Anna Helga svarað játandi og hafi ákærða þá skallað hana. Ákærða hafi síðan gengið í burtu. Anna Helga hafi séð í speglinum að það fossblæddi úr nefinu og hún hafi farið að reyna að stöðva blæðinguna og þrífa sig. Kona inni á salerninu hafi sagst mundu fara og tala við dyravörð og að hún væri tilbúin að bera vitni. Anna Helga hafi síðan farið fram og talað við dyravörð sem hafi sagst hafa talað við ákærðu, en ekki viljað henda henni út en sagst mundu fylgjast með henni. Hún hafi séð ákærðu á dansgólfinu. Anna Helga hefði verið inni eitthvað áfram. Morguninn eftir hafi hún fundið mikið til, verið aum í hægri hliðinni og verið með höfuðverk. Hún hafi farið til læknisins 3. janúar og hafi læknir viljað að hún færi í myndatöku. Læknirinn hafi hringt daginn eftir og sagt henni að nefið væri brotið. Það er borið undir Önnu Helgu að ákærða hafi fyrir dóminum borið að hún hafi ekki verið inni á staðnum þegar árásin átti sér stað og hún þar að auki aldrei farið inn á salerni staðarins, hún telji að vitnin hafi annaðhvort sagt rangt frá eða tekið feil á henni og annarri stúlku. Anna Helga segir þetta ekki vera rétt og hún sé alveg viss um að það hafi verið ákærða sem skallaði hana. Aðspurð segir Anna Helga að nokkur eftirköst hafi verið af árásinni, hún hafi verið meidd bæði líkamlega og andlega. Hún hafi fundið nokkuð fyrir dofa í andlitinu og hún sé á leið í frekari rannsóknir vegna þessa. Hún segir erfitt að svara því hvers vegna hún hafi ekki leitað eftir aðstoð lögreglu strax um nóttina eftir árásina. Hún hafi verið í „sjokki“ og verið dofin þannig að hún hafi ekki fundið mikið til og hún hafi ekki áttað sig á að hún væri nefbrotin.

Hrafnhildur Gísladóttir kom fyrir dóminn. Hún segir þær Önnu Helgu vera ágætis vinkonur. Þær hafi ekki komið saman á skemmtistaðinn, en þær hafi hist við innganginn. Aðspurð segist hún hafa þekkt ákærðu í sjón og lýsir atvikum á sama hátt og hún gerði í lögregluskýrslu. Hún segir að Anna Helga hafi greinilega verið í sjokki eftir árásina. Hún segist aðspurð vera alveg viss um að það hafi verið ákærða sem skallaði Önnu Helgu. Hún segir að það sé rétt að hún hafi sagt við Önnu Helgu að ákærða Debbie væri rosaleg í hegðun, en hún hafi heyrt einhvern annan segja það. Vitnið telur að þetta hafi gerst einhverntímann á milli kl. 4 og 5, kannski um hálffimm. Hún segist hafa séð Debbie við barinn eftir árásina, en hún hafi sjálf fljótlega farið heim.

Kristín Bragadóttir bar vitni í málinu. Hún segir þær Önnu Helgu vera kunningjakonur. Hún segist hafa þekkt ákærðu í sjón og með nafni. Hún segist hafa farið inn á H-punktinn með Önnu Helgu. Hún lýsir atburðum á svipaðan hátt og í lögregluskýrslu. Hún kveðst hafa staðið við hlið Önnu Helgu þegar árásin átti sér stað. Hún kveðst ekki muna glöggst hversu margar stúlkur hafi verið með ákærðu inni á salernisbásnum, en hún hafi ekki verið ein. Borið var undir vitnið að ákærða neiti að hafa verið á staðnum á þeim tíma sem árásin átti sér stað og að hún hafi verið farin af skemmtistaðnum á þeim tíma og að ákærða telji að vitni hljóti annaðhvort að vera að taka feil, eða þá að bera hana röngum sökum. Vitnið segir það alls ekki vera rétt, hún sé alveg viss í sinni sök. Hún kveðst hafa séð að það blæddi úr Önnu Helgu, en man ekki hvort það blæddi mikið eða lítið. Hún telur að þetta hafi gerst á milli hálffimm og fimm. Hún kveðst hafa farið og dansað eftir þetta og séð ákærðu á dansgólfinu. Vitnið kveðst muna eftir að hafa talað við dyravörð með Önnu Helgu og verið hissa á að ákærða hefði ekki verið vísað út af staðnum. Vitnið segir, aðspurð um hvort hún hafi haft einhver samskipti við ákærðu síðan, að ákærða hafi komið ásamt vinkonu sinni á skemmtistað þar sem vitnið var að vinna, undir áhrifum og hafi vinkonan spurt hana hvort hún væri að vitna gegn ákærðu og hafi sagt að þær vissu hvar hún ætti heima. Vitnið segist hafa upplifað þetta sem hótun og látið Önnu Helgu vita af þessu.

Hugrún Heiða Hreggviðsdóttir kom fyrir dóminn og upplýsti um að hún hefði verið „á rúntinum“ um kl. 4.20 á nýársnótt og hitt ákærðu, sem sé vinkona sín, fyrir utan H-punktinn og keyrt hana og vinkonu ákærðu heim, fyrst vinkonuna heim til sín og þær ákærða hafi síðan farið saman heim til ákærðu. Aðspurð segir hún að ákærða hafi farið að tala um þetta mál við hana síðastliðið sumar og spurt hana hvort hún myndi eftir þessu og þá hafi hún farið að rifja upp og munað þá eftir þessu. Þegar gengið er á vitnið varðandi tímasetninguna kveðst hún ekki vera alveg viss um nákvæman tíma, en hún giskaði á að þetta hefði verið kl. 4.20 en þetta hafi líklega verið á milli 4 og 4.30. Aðspurð neitar hún að ákærða hafi sagt sér að nefna þennan tíma.

Tekin var símaskýrsla af Sebastiano Ferrau, lækni. Hann segist aðspurður muna eftir því þegar Anna Helga kom til hans vegna höggs í andlit og að hann hafi ákveðið að láta taka röntgenmynd sem hafi leitt í ljós að um nefbrot var að ræða. Hann segir að Anna Helga hafi komið til sín síðar vegna verkja eftir árásina og í eftirlit. Hann kveður sig minna að Anna Helga hafi sagt að einhver kona hefði gert þetta, en hann myndi ekki að hún hefði sagt hvers vegna. Hann kveðst telja að ekki hafi þurft frekari meðferð, enda hafi beinin ekki færst úr stað og staðfestir það sem stendur í læknisvottorði að brotið ætti að gróa án aðgerðar. Vitnið segir sig minna að Anna Helga hafi sagt að hún hefði verið barin með flösku í andlitið, en vísar um þetta í læknaskýrslu og vottorð, en í vottorðinu segir að hún hafi fengið högg í andlitið.

Bjarki Sigurðsson lögreglumaður kom fyrir dóminn. Hann staðfestir að hann hafi komið að rannsókn málsins og að hann hafi m.a. tekið skýrslu af ákærðu. Hann man eftir að ákærða hafi talað um að hún hafi verið mjög ölvuð umrædda nótt og að hún myndi ekki eftir því hvernig hún komst heim. Hann kveðst hafa að auki tekið skýrslur af tveimur vitnum í málinu. Vitnið segir aðspurður að hann hafi fengið málið til meðferðar um miðjan janúar til loka janúar.

Ragnheiður Kristín Benónýsdóttir kemur fyrir dóminn sem vitni. Hún kveðst aðspurð hafa farið á H-punktinn aðfaranótt 1. janúar með ákærðu. Hún hafi hringt í ákærðu sem hafi verið hjá vinkonu sinni og hafi vitnið farið og hitt ákærðu þar. Hún telur að þær hafi komið á skemmtistaðinn kl. 4. Hún telur að hún hafi verið inni á staðnum í 10-15 mínútur. Þær hafi farið á barinn og ætlað að fá sér að drekka, en þá hafi barnfóstra Ragnheiðar hringt og sagt henni að 3ja ára sonur hennar væri lasinn og hún þá ákveðið að fara heim. Hún segir að þær hafi verið saman allan tímann sem þær voru á staðnum og þær hafi ekki farið á salernið. Hún kveðst hafa spurt ákærðu hvort hún vildi ekki fara með henni svo að hún yrði ekki ein inni á staðnum, þar sem engin önnur vinkona hennar hafi verið þarna og það væri ekki gott að hún yrði ein eftir á staðnum þar sem hún hefði verið að drekka. Þær hafi farið saman út og hitt þar vinkonu ákærðu Debbie sem hafi keyrt þær heim. Hún segir það hafa verið kl. 4.20. Vitnið kveðst ekki hafa neytt áfengis þessa nótt. Hún er spurð um það hvernig standi á því að hún muni tímasetningar svona nákvæmlega og rekur þá tímasetningar sem tengjast barnfóstrunni, hvenær hún hafi komið og hvenær leigubíll hafi komið til að keyra hana heim. Hún segir ákærðu hafa verið að drekka, hún hafi ekki getað gengið eðlilega, en telur ekki að hún hafi verið „blindfull“.

Hlynur Ólafsson kemur fyrir dóminn, en hann var að störfum sem dyravörður á H-punktinum á nýársnótt síðastliðinni. Hann segist þekkja bæði ákærðu og kæranda í málinu. Hann segir kæranda hafa komið til sín og farið fram á að ákærðu yrði vísað út, sem vitnið hafi ekki viljað gera, þar sem hann hafi ekki séð atburðina og ekki haft grundvöll til að vísa ákærðu út. Aðspurður segir hann að ákærða hafi verið drukkin og einnig telji hann að kærandinn, Anna Helga, hafi verið að drekka. Hann kveðst ekki hafa orðið vitni að samskiptum þeirra. Hann kannast við að Anna Helga hafi komið til hans og sagt frá árás ákærðu á sig. Hann segir Önnu Helgu hafa verið mjög skelkaða og svekta þegar hún kom og talaði við hann, hún hafi ekki verið ofurölvi og hann hafi ekki séð á henni blóð eða önnur merki um árásina. Hann telur að hann hefði brugðist við á annan veg ef svo hefði verið. Hann kveðst hafa talað nokkrum sinnum við ákærðu inni á skemmtistaðnum eftir árásina, en hann sé kunningi hennar. Hann kveðst telja að hann hafi átt í samskiptum við ákærðu á meira en 15 mínútna tímabili, en leggur áherslu á að langt sé um liðið og hann eigi erfitt með að muna þetta nákvæmlega, en hann hafi fyrst verið spurður um þetta um 10 mánuðum eftir atvikið.

Niðurstaða:

Af því sem fram hefur komið í málinu verður að telja nægilega sannað að Anna Helga Gylfadóttir hafi orðið fyrir árás á salerni skemmtistaðarins H-punktsins aðfaranótt 1. janúar 2007. Röntgenmynd sem tekin var eftir skoðun læknis nokkrum dögum síðar sýndi að brotþoli var nefbrotinn. Brotþolinn og tvö vitni, þær Hrafnhildur Gísladóttir og Kristín Bragadóttir, skýra frá atvikinu á greinargóðan hátt og eru vitnisburðir þeirra nokkuð samhljóða, bæði í lögregluskýrslum og fyrir dómi. Í lögregluskýrslu, sem tekin var af brotþola nokkrum dögum eftir atburðinn, eða að morgni 4. janúar, er skráð að árásin hafi átt sér stað kl. 4.45. Ekkert hefur komið fram í málinu um að sú tímasetning sé nákvæm, en vitni hafa borið að atburðurinn hafi átt sér stað einhverntímann á milli 4 og 5.

Ákærða neitaði sök fyrir dómi, en við skýrslutöku hjá lögreglu sagðist hún hins vegar ekki muna eftir þessu atviki eða þessum tíma nýársnætur yfirleitt sökum ölvunar. Hún mundi til dæmis ekki þá hvernig hún hefði komist heim. Fram kom í framburði vitnisins Huguólfur Heiður, að fyrst í sumar hefði ákærða farið að spyrja sig um atburði nýársnætur og hún þá rifjað upp atburðina og talið sig muna að hún hafi hitt ákærðu fyrir utan umræddan skemmtistað kl. 4.20. Aðspurð gat hún ekki gefið sérstakar skýringar á því hvers vegna hún myndi þetta svo nákvæmlega og þegar gengið var á hana kom í ljós að líklega væri að nokkru leyti um ágiskun að ræða.

Vitnið Ragnheiður, vinkona ákærðu, ber að þær ákærða hafi verið saman inni á skemmtistaðnum í 10-15 mínútur og að þær hafi staðið saman við barinn allan þann tíma. Framburður hennar fyrir dómi var nokkuð ruglingslegur og mikið um endurtekningar. Hún telur að ákærða hafi ekki farið úr auglýsni sinni þann tíma. Önnur vitni hafa borið um að ákærða hafi verið annars staðar, bæði á salerninu þegar árásin átti sér stað og einnig á dansgólfinu. Þá kom fram hjá vitninu Hlyni, dyraverði á skemmtistaðnum, að hann hefði nokkrum sinnum haft afskipti af ákærðu vegna meintrar árásar hennar á Önnu Helgu, hann hafi ekki vísað henni út af staðnum þar sem hún hafi lofað að haga sér vel, en hann var nokkuð viss um að þetta hefði gerst á meira en 15 mínútna tímabili.

Brotþoli, Anna Helga Gylfadóttir, hefur lýst því að Debbie María Shackelford, ákærða í máli þessu, sem hún hafi þekkt í sjón, hafi ráðist á hana með því að skalla hana í andlitið. Framburður brotþola fær stuðning í framburði vitnanna Kristínar og Hrafnhildar sem bera á sama veg um árásina. Að virtu öllu því sem að framan er rakið þykir ekki varhugavert að telja nægilega sannað, sbr. 45. og 46. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, að ákærða hafi, aðfaranótt 1. janúar 2007, skallað Önnu Helgu Gylfadóttur í andlitið og með þeirri háttsemi sinni orðið völd að því að hún nefbrotnaði. Verður þessi háttsemi hennar virt sem vísvitandi líkamsárás og að ákærðu hefði átt að vera ljóst að þessi háttsemi hennar gæti haft

Þær afleiðingar í för með sér sem raun ber vitni. Í ljósi afleiðinganna er brot ákærðu réttilega heimfært í ákæru til 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga. Ónákvæmni í tímasetningum getur ekki staðið í vegi fyrir þessari niðurstöðu, enda var um að ræða fólk að skemmta sér um miðja nótt, meira og minna undir áhrifum áfengis, auk þess sem sum vitnin voru ekki spurð um málið fyrir en mörgum mánuðum síðar.

Ákærða hefur samkvæmt sakavottorði ekki áður verið sakfelld fyrir refsiverðan verknað og verður litið til þess við ákvörðun refsingar hennar, sbr. 5. tölulið 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga. Ekki verður talið að ákærða eigi sér sérstakar málsbætur í skilningi 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga og ekki þykja heldur vera efni til að ákvarða refsingu hennar með hliðsjón af 3. mgr. 218. gr. b. sömu laga. Þykir refsing ákærðu að atvikum virtum hæfilega ákveðin fangelsi í 30 daga. Þegar litið er til þess að ákærða hefur ekki áður sætt refsingu þykir rétt að skilorðsbinda fullnustu refsingar hennar, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Skaðabótakrafa Önnu Helgu Gylfadóttur samkvæmt ákæru nemur svo sem fram er komið 607.162 krónum. Gerð er krafa um miskabætur og nemur sá kröfuliður 500.000 krónum. Þá er krafist greiðslu á útlögðum lækniskostnaði að fjárhæð 2.582 krónur. Að auki er gerð krafa um greiðslu á kostnaði vegna aðstoðar lögmanns við að halda bótakröfunni fram fyrir dómi og nemur sá liður 84.000 krónum auk virðisaukaskatts sem nemur 20.580 krónum.

Fullnægt er skilyrðum til að dæma ákærðu til að greiða Önnu Helgu Gylfadóttur miskabætur á grundvelli a-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, sbr. 13. gr. laga nr. 37/1999, og þykja þær eftir atvikum hæfilega ákveðnar 75.000 krónur. Þá verður krafa Önnu Helgu um bætur vegna útlagðs kostnaðar tekin til greina með 2.582 krónum, enda hafa verið lögð fram í málinu viðhlítandi gögn til stuðnings þessari kröfu. Loks verður ákærðu gert að bæta kostnað af aðstoð lögmanns vegna þessa þáttar málsins, sbr. 4. mgr. 172. gr. laga um meðferð opinberra mála, með 50.000 krónum og er virðisaukaskattur þar meðtalinn.

Samkvæmt framansögðu verður ákærðu gert að greiða Önnu Helgu Gylfadóttur 132.582 krónur. Um vexti af þeirri fjárhæð fer svo sem í dómsorði greinir.

Ákærða verður dæmd til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Herdísar Hallmarsdóttur héraðsdómslögmanns, sem ákveðin eru 195.216 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Þá verður ákærða dæmd til að greiða annan sakarkostnað, 9.000 krónur.

Anna M. Karlsdóttir settur héraðsdómari, sem fékk málið til meðferðar 4. október 2007, dæmir mál þetta.

D ó m s o r ð :

Ákærða, Debbie María Shackelford, sæti fangelsi í 30 daga, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún falla niður að liðnum þremur árum frá uppsögu dóms þessa, haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærða greiði Önnu Helgu Gylfadóttur 132.582 krónur ásamt vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af 75.000 krónum frá 1. janúar 2007 til 26. júlí 2007, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærða greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Herðisar Hallmarsdóttur héraðsdómslögmanns, 195.216 krónur, og sakarkostnað, 9.000 krónur.

Anna M. Karlsdóttir